

ÓLAFUR HALLDÓRSSON

AM 240 FOL XV TVINN ÚR HANDRITI MEÐ ÆVINTÝRUM

I

Í SAFNI Árna Magnússonar hefur fjöldi brota úr misgömlum handritum, einkum skinnbókum, verið flokkaður eftir efni og hver flokkur síðan skráður undir einu safnmarki, en brotin, sem flest eru einu leifarnar sem hafa varðveist af heilum bókum, síðan auðkennd með tölum, ýmist arabískum eða rómverskum, og undirflokkar stundum með bókstöfum. Í einu af þessu brotasafni eru leifar fimmtán handrita með safnmarki AM 240 fol og greint milli brotanna með rómverskum tölum, I–XV. Í skrá yfir handrit í Árnasafni sem Kristian Kålund tók saman¹ er brotunum lýst og getið um efni sem á þeim stendur, og heyrir til undantekninga ef þar er ekki farið rétt með. Ein af þeim undantekningum er það sem Kålund segir um fimmtánda brotið í AM 240 fol sem hann kallar *Jartegnir*, en það er raunar brot úr bók með þýddum ævintýrum, líklega úr ensku, sem nánar verður fjallað um hér á eftir.

Þetta brot er aðeins tvö samföst blöð (tvinn), hið eina sem hefur varðveist úr skinnbók í litlu broti. Fyrra blaðið er 12,6 x 16,7 sm., en hið síðara 13,1 x 17 sm. Skrift er í einum dálki, leturflötur 10 x 13 sm. á bl. 1, 10 x 13,4 á bl. 2r og 10 x 13,8 á 2v, 26 línur á bl. 1r–2r, en 28 á 2v. Einhver væta hefur komist á bl. 1r efst til hægri og smitað yfir á hitt blaðið, en að öðru leyti eru þessi blöð tiltölulega vel varðveitt og skriftin yfirleitt skýr. Á bl. 1v grillir aðeins í leifar af upphafsstaf: ‘J’, líklega í bláum og gulum lit, og fyrirsögn mun einnig hafa verið í bláum lit, en þar sést enginn heill stafur. Annars er ekki að sjá af þessum blöðum að handritið hafi verið lýst, en við upphaf hvers ævintýris er skrifaður lítill stafur á spássú, lýsara til leiðbeiningar: ‘j’ á ytri spássú á 1v, ‘v’ á innri spássú á 2r, ‘þ’ og ‘a’ á ytri spássú á 2v.

Skriftin á 1r og 2v er á stöku stað máð og í heild ekki eins skýr og bókellið ekki eins hreint og á 1v og 2r, sem gæti bent til að þessi blöð hafi verið

¹ *KálKatAM I–II*.

ysta tvinn úr kveri, og þannig hafa þeir litið á sem hafa gefið þessu broti safnmark. Neðst til hægri á 1r er skrifað með stórum stöfum: ‘XXIV.’, en þetta hefur síðar verið dregið út og ‘XV’ skrifað efst í vinstra hornið. Þar hefur tölustafurinn ‘2’ einnig verið skrifaður inn við kjöl, væntanlega af einhverjum sem hefur talið þetta vera aftara blaðið í tvinninu. Texti á bl. 1r er ekki í beinu framhaldi af texta á 2v og á 1v endar texti á fimm orðum í upphafi setningar, en hefst á 2r á tólf orðum úr lokum setningar. En þar sem ekkert heilt eftirrit er til af handriti því sem þessi blöð eru leifar af né heldur annað hliðstætt með sama efni er ógerningur að skera með vissu úr um stöðu blaðanna í kveri að öðru leyti en því að þau hafa ekki verið innsta tvinnið.

Á þessum blöðum er ein hönd, formföst og skýr, íslenskt afbrigði af hálf-kúrsífs eins og sú skrift tíðkaðist um og eftir miðja fimmtánda öld, og auðséð að þar hefur vanur skrifari verið að verki.

Helstu einkenni á stafagerð sem benda til áranna upp úr miðri fimmtánda öld eru þessi:

‘a’ er tvíþauga, efri þaugurinn óverulegur og lokaður.

‘e’ líkist e í venjulegu prentletri að öðru leyti en því, að hægri drátturinn líkist litlum oddklofa.

Munurinn á ‘u’ og ‘v’ er oftast greinilegur, en stöku sinnum óverulegur, sjá t. d. ‘tvær’ 1v16 og ‘palkum’ 1v18.

‘y’ er af gerðinni ‘ý’², depill greinilegur yfir stafnum í ‘leýfa’ 1v8 og ‘kýffa’ 1v21. Annars er depill ekki sýnilegur yfir ‘y’.

‘æ’ er skrifað einna líkast límingi af o og p með bakfalli, sjá ‘væri’ 1v4.

/ö/ er næstum ætíð táknnað með ‘o’. Undantekningar eru ‘avngva’ 2r25, ‘aungva’ 2v28 og ‘lög’ 2v16, en ‘ð’ í ‘hörfdu’ 2v24 er væntanlega ritvilla.

/d/ (skr. ‘ð’) er að því leyti sérkennilegt að neðri hluti þess er skrifaður líkt og n, en leggurinn yfir línu yfirleitt stuttur og lítur oft ekki út fyrir að vera í beinu framhaldi af hægri hlið neðri hlutans, heldur eilítið til vinstri, sjá ‘ðauð’ 1v2 og ‘bað’ 1v3, þar sem letur er skýrt.

Á ‘b’, ‘h’, ‘k’, ‘l’ og ‘p’ eru háleggir oft með grönnum sveig hægra megin (léttiskriftarbelg), sjá bl. 2r, þar sem letur er skýrt og greinilegt.

‘r’ er með grönnum drætti beint niður frá kvistinum til hægri og niður fyrir línu.

Skriftin er mikið bundin og titlar og bönd í samræmi við algengar venjur atvinnuskrifara. Litlir bókstafir yfir línu standa fyrir atkvæði eða orðhluta sem hér segir:

² Sjá *Early Icelandic Script* by Hreinn Benediktsson. Reykjavík 1965, 24, nmgr. 7.

‘a’ stendur fyrir *ana* í ‘*hana*’ 1v1, *ia* í ‘*leggia*’ 1v19, *aka* í ‘*taka*’ 1v23, 2r25.

‘d’ stendur fyrir sérhljóða + d: *ad* í ‘*bad*’ 1v1, 1v8; *ed* í ‘*med*’ 1r2, 1r5 og víðar; *ud* í ‘*gud*’ 1v4, ‘*gudf*’ 1r14 og víðar.

‘e’ stendur fyrir *re* í ‘*frelfa*’ 1r12, ‘*brenna*’ 2r21, ‘*brendur*’¹⁻² 2r22, ‘*greindri*’ 2r24, ‘*gregorius*’ 2v2, ‘*pípare*’ 2v5; fyrir *anne* í ‘*manne*’ 2v28.

‘i’ stendur fyrir *di* í ‘*hafdi*’ 1r7; *id* í ‘*portid*’ 2v11, ‘*vid*’ 1v10; *igi* í ‘*eigi*’ 1r11 og víðar; *iki* í ‘*riki*’ 1v7, 2r2; *il* í ‘*til*’ 1r4 og víðar; *yir* í ‘*fyrir*’ 1r11 og víðar; *vi* í ‘*þvi*’ 1r4, 1r10.

‘m’ stendur fyrir *eim* í ‘*þeim*’ 1r2; *onum* í ‘*honum*’ 1r7 og víðar; *onnum* í ‘*monnum*’ 1v9 og víðar; *um* í endingum, t.d. ‘*armleggnum*’ 1r18.

‘n’ stendur fyrir *an* í ‘*predikan*’ 1r1, ‘*ganga*’ 1r4, ‘*fídan*’ 1v8, ‘*o:uflnan*’ 1v11 og víðar; *ann* í ‘*mann*’ 1r6.

‘o’ stendur fyrir *on* (eða *un*) í ‘*hon*’ 1v2, 1v25 og víðar, *or* í ‘*hvort*’ 1v4, ‘*fortoput*’ 1v4-5, ‘*fuor*’ 2r15, *oro* (eða *oru*) í ‘*voro*’ 1v6, 1v16 og víðar, *vo* í ‘*svo*’ 1v6, 1v15 og víðar, *ro* (eða *ru*) í ‘*ero*’ 2r13, *esso* (eða *essu*) í ‘*messu*’ 2v15. Einnig er ‘o’ skrifað yfir ‘x’ í venjulegri styttingu þágufalls af Kristur.

‘r’ stendur fyrir *ar* sem er oftast bundið en skrifað fullum stöfum, t. d. ‘*fnart*’ 1v1, ‘*var*’ 1v2.

‘i’ stendur fyrir *ur*, einkum í nefnifallsendingu, jafnt í bakstöðu sem á undan viðskeyttum greini, sjá t. d. 1v16: ‘*konur*’, ‘*onnur*’ og ‘*onnur*’, ‘*madurinn*’ 1v9 og 1v12, en einnig í innstöðu, t. d. ‘*burt*’ 1r16 og 1v1 (villa fyrir kyrt), ‘*murenn*’ 2r17

‘t’ stendur fyrir *it* og *at* í endingum, t. d. ‘*folkit*’ 1v1, ‘*lokit*’ 1v5, ‘*ordit*’ 1v26, ‘*anat*’ 1r9, ‘*þangat*’ 2r21.

‘u’ eða ‘v’ stendur fyrir *ru* í ‘*ivngfru*’ 2r7, ‘*grundv*’ (villa fyrir ‘*grundv*’) 2r22, ‘*brunninn*’ 2r23.

‘w’ stendur fyrir *ia* í ‘*legia*’ 2r21, ‘*fyngia*’ 2r23, *va* í ‘*ongva*’ 2v22, ‘*avngva*’, 2r25, 2v28.

‘z’ stendur fyrir *az* í ‘*sætaaz*’ 1v21 (eindæmi).

‘æ’ stendur fyrir *ær* í ‘*þær*’ 1r3 (eindæmi).

Titull af pí-gerð (π) stendur fyrir *ar*, sjá t. d. ‘*grata*’ 1v2, ‘*heyra*’ 1v6.

Titull fyrir *erfir* er stuttur, feitur dráttur, dreginn eilítið hallandi niður til hægri, og grannur sveigur eins og opinn svigi hægra megin, sjá t. d. ‘*þier*’ 1v11, ‘*gert*’, ‘*fyndir*’ og ‘*gerazt*’ 1v12. Einnig er þessi titull fyrir *r* eitt og sér í orðinu ‘*er*’, sjá t. d. 1v6, 1v10, 1v19, 1v20, 1v23.

Stutt lárétt strik yfir sérhljóðum stendur fyrir *m* og *n*, sjá t. d. ‘*himnum*’, 1v5, ‘*muskunnar*’ 1v10, ‘*þionufta*’ 1v22, og eitt dæmi er um þetta strik yfir

‘g’: ‘fognvdur’ 1v24-25. Yfir ‘m’ stendur það fyrir *en* í ‘amen’ 1v15 og yfir ‘n’ fyrir *en* í ‘penninga’ 1r5, ‘penníngar’ 2r6. Yfir ‘p’ stendur það fyrir *er* í ‘predíkan’ 1r1, ‘predíkadi’ 1r16, ‘prefturinn’ 1v18–19, 1v23; fyrir *ysku* í ‘Byskupen’ 1r11, 1r24, yfir ‘s’ fyrir *em* í ‘sem’ 1r3, 1r9, 1v24, 2r8, 2r12, 2r13, 2r22, 2v6.

Fleirtala af orðinu *maðr* í nf. og þf. er skrifuð ‘m’ með striki yfir, sjá ‘menn’ 1r2, 1v11, 2r13.

Depill er settur yfir samhljóða til tvöföldunar, einkum yfir ‘n’, sjá t. d. 1v1-3. Einnig er depill settur yfir ‘a’ til aðgreiningar á löngu *a* og stuttu (/a/ og /á/): ‘à’ 1r19; 2v26; ‘sál’ 1v4, 1v6; ‘tárinn’ 1r14, ‘tárum’ 1r18; ‘à uallt’ 1v20, ‘lágur’ 2r26. En einnig stendur límingur (a+a) stöku sinnum fyrir /á/: ‘æ’ 1v3, 2v25.

Svo virðist sem strik yfir ‘n’ sé bæði látið tákna tvöföldun samhljóðans og næsta atkvæði, sjá ‘rennir’ 1r6, ‘finnur’ 1r9, ‘annat’ 1r9,

Orðið *með* er oftast skrifað ‘m’ og lítið ‘d’ yfir línu, en gamla *ed*-bandið, skrifað líkt og ‘z’, kemur einnig fyrir, sjá ‘med’ 1r11, 1r13, 2v28.

Gamla bandið fyrir *rom/rum* kemur einu sinni fyrir aftast í línu: ‘odum’ 1v8.

Einna algengustu böndin eru strik sem eru dregin til hægri efst út frá háleggnum á b, h, k, l og þ: ‘b’ í ‘byskupinn’ 1r6; ‘h’ í öllum föllum af fn. *hann* og aukaföllum af *hún*, einnig í styttingunni fyrir Jesús: ‘jhw’ 1v8; ‘k’ í ‘kirkiv’ 1r4 og ‘kirkívnar’ 1r5, einnig í sögninni *skulu*, t. d. ‘fkal’ 2r16, ‘fkulí’ 1r9, ‘fkulv’ 1v19. Í ‘fkulvm’ 1r4 lítur út fyrir að strik hafi verið dregið til hægri út frá háleggnum á ‘k’ og yfir ‘l’ með lykkju upp á við hægra megin við stafinn. Samskonar strik er dregið út frá háleggnum á ‘h’ og yfir ‘l’ í ‘hlut’ 1v26, en aftur á móti beint strik í ‘hlut’ 2v9, og beint strik er yfir ‘l’ í ‘fyndfamligum’ 2r11-12. ‘þ’ með striki út frá háleggnum til hægri er notað að venjulegum hætti í kynjum og föllum af ábendingarforanafninu *sá*: ‘þann’ 2r14, ‘þeim’ 1v7, 1v17, ‘þeir’ 2r1, 2r21, ‘þeirra’ 1r2, 1v16, ‘þeirrf’ 2v11, ‘þat’ 1r14, 1r25, 1v20, ‘þetta’ 2r20.

Einstök kennimerki á rithönd á blöðunum tveimur í 240,XV er strik yfir miðjan leggin á ‘l’, stundum eilítið hallandi niður á við til vinstri, en verður að grönnu þverstriki í miðju milli stafa þar sem tvö *l* koma saman, sjá t. d. þokkalega skýr dæmi á bl. 1r: ‘siðfur’ 1r3, ‘hełgi’ 1r6, ‘fełaga’, ‘kłædi’ 1r9, ‘frełsa’ 1r12; ‘fulla’ 1r1, ‘uilldu’ 1r3, ‘helldu’ 1r8, ‘allt’ 1r11, ‘fullt’, ‘villdi’ 1r12, o.s.frv.³ Ennfremur ‘r’ með grönnum drætti hægra megin og niður fyrir

³ *Miðaldaævintýri þýdd úr ensku*. Einar G. Pétursson bjó til prentunar. Reykjavík. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1976, xcii–xciii. Stytt hér á eftir *ÆvMið* og vísað til númers ævintýra og línu í þeirri útgáfu þar sem við á.

línu, sjá ‘bírtá’ 1v4, ‘allír’ 1v5, ‘rodd’ 1v5 o. s. frv. Þessi einkenni hef ég rekist á í öðrum handritum frá svipuðum tíma eða nokkru yngri, sem vikið verður að hér á eftir:

II

Í AM 42 a 8vo er Jónsbók skrifuð á bl. 1–82 með hendi frá síðari hluta 15. aldar, en á bl. 83–113 er alls ólík og til muna yngri hönd. Lík hönd og á eldri hluta 42 a er á AM 42 b 8vo, og verður þá fyrst fyrir að líta á það sem Árni Magnússon hefur skrifað um þessi handrit á seðil sem fylgir 42 a:

Jons bok, ubique mutila.⁴ Biskupa statuttur, meðl annarre nyrre hende. Kristinrettur (Arna biskups) med sömu hendi seml Jons bokar fragmented.⁵ Monsr Bryniolfur Þordarson⁶ gaf mier þetta i Junio 1705.

Nondum in Indice *Manuscriptorum*.⁷

Kristinréttur Árna biskups, sem Árni Magnússon nefnir og segir með sömu hendi og Jónsbókin, hefur bersýnilega fylgt 42 a þegar Árni fékk það handrit, en hefur síðar verið bundinn sér í bók og gefið safnmark, AM 42 b 8vo. Árni taldi rithöndina á 42 b þá sömu og á Jónsbók í 42 a, og undir það hafa aðrir tekið.⁸ Enda þótt vel megi vera að sami maður hafi skrifað 42 a og b vil ég þó ekki að svo komnu máli fullyrða að svo sé. Það er miklu meiri og erfiðari vinna en ég er tilbúinn að takast á hendur að kanna til hlítar hvort svo sé, og ekki síður að skera úr um hvort sama hönd sé á 240,XV og á eldri hluta 42 a. Það verður að bíða yngri manna.⁹ En augljóst er að nauðalík hönd er á blöðunum tveimur í 240,XV og á 42 a og b, enda þótt nokkru muni á leturgerð, sjá sýnishorn, 240,XV, 42 a, bl. 73v og 42 b, bl. 11r.

Í 42 a er ‘r’ með aukalegg algengt, sjá ‘fier’ 73v1 og 2, ‘feiger’, 73v4. Á ‘Þ’ er þverstrikið oft ógreinilegt, en sæmilega skýrt t.d. í ‘fiatfur’ 73v2 ‘haftt’

⁴ ubique mutila: *allsstaðar rotin*.

⁵ fragmented: *brotið*.

⁶ Parna mun átt við Brynjólf Þórðarson á Hlíðarenda í Fljótshlíð (1681–1762), son Þórðar biskups Þorlákssonar og Guðríðar Gísladóttur Magnússonar sýslumanns á Hlíðarenda.

⁷ *Ekki enn komið í handritaskrá*.

⁸ Gustav Storm í *NgL* IV, 613; Kristian Kålund í *KålKatAM* II, 352.

⁹ Líklega er varlegra að taka fram að ég tel konur með mönnum.

73v6, ‘higgia’ 73v10. Þverstrík milli ‘ll’ er greinilegt í ‘ogilldið’ 73v1, ‘Verka fall og nýt fall’ 73v9. ‘à’ er algengt, t.d. 73v2, 7, 11, ‘þá’ 73v5 og 9. Í 42 a er ‘æ’ ekki með drætti niður fyrir línu, en að öðru leyti líkt skrifað og í 240,XV. ‘ý’ líkist límingi af i+j og er ekki alltaf með depli yfir, sjá ‘nýt’ 73v9, ‘fýr’ 73v17.

III

Seint á fimmtánda öld var þremur kverum með samtals 23 blöðum aukið í Flateyjarbók. Í þessum viðauka er texti eins og annars staðar í bókinni í tveimur dálkum sem á síðari tímum hafa verið tölusetir 755–843. Jonna Louis-Jensen hefur gert grein fyrir rithöndum tíu skrifara í þessum viðauka og hvað hver þeirra hafi skrifað¹⁰ og vísar í grein eftir Harry Törnquist, þar sem hann sýndi fram á að á þessum blöðum væru hendur að minnsta kosti tveggja skrifara.¹¹ Þær rithendur nefnir JL-J A (á dálkum 755–818) og B (á dálkum 819–43) og þar að auki á fáeinum línunum hér og hvar í þeim hluta sem er með hendi A), en aukahendur nefnir hún C–J. JL-J bendir á að miklar líkur, ef ekki sannanir, séu fyrir því að Þorleifur Björnsson, hirðstjóri á Reykhólum (d. 1486), hafi skrifað hönd B (240–46) og að hann hafi átt Flateyjarbók þegar kverunum þremur var aukið í hana (245).

Sérstök einkenni á stafagerð í 240,XV sem nefnd eru hér á undan koma fram hjá sumum rithöndum í viðauka Flateyjarbókar. Einkenni á aðalhöndunum tveimur, A og B, er að í báðum er sveigur dreginn efst hægra megin frá hálegg stafanna *b*, *h*, *k*, *l* og *p* og með grönnum drætti skáhallt niður á við yfir leggin ofanverðan. Þar sem tvö *l* fara saman endar þessi sveigur í greinilegu striki milli þeirra, en stöku sinnum koma fyrir ‘ll’ með þverstriki sem ekki tengist þessum sveig, bæði í A og B, einkum þar sem ‘lld’ fara saman, t.d. í A ‘fkalltu’ 787.7, ‘hellður’ og ‘fkallðit’ 787.19, og í B ‘hellður’ 819.1 og 2, ‘allz’ 819.2, ‘fkyllðu’ 831.14, ‘gamall’ 831.16.

Með hönd G, sem JL-J segir með eldri einkennum en aðrar hendur í viðaukanum, er d. 814.53–57 og d. 818.55–63 ‘Ok – híałm’. Í þessum línunum eru tvö dæmi um ‘r’ með aukadrætti: ‘eptir’ og ‘reið’ 818.57; þrjú dæmi um ‘ř’:

¹⁰ Jonna Louis-Jensen. Den yngre del af Flateyjarbók. *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*. Reykjavík 1969, 235–50.

¹¹ Harry Törnquist. Olika händer i Flätöboken. *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*. Kh. 1938, 91–98.

‘teita’ 814.56, ‘fýtkíng’ 818.58, ‘híálm’ 818.63; fjögur dæmi um ‘ll’ með þverstriki: ‘villðe’ 818.59, ‘mælltf. fall’ 818.60, ‘heill’ 818.61.

Með hönd H er d. 820.16–17 og 71–73, 821.32–37, d. 823, fimm neðstu línurnar, og d. 825.40–44. Hjá þessari hönd eru talsvert mörg dæmi um ‘r’ með aukadrætti, t.d. þessi í d. 820: ‘meira’ 820.16, ‘-are’ og ‘hríð’ 820.17, ‘konungr’ 820.72, ‘fyr’ 820.73; ‘ʔ’ kemur fyrir t.d. í ‘þioðmenn-’, 820.16, ‘hluta’ 820.73, ‘fítít’ 823.73; ‘ll’ með þverstriki eru sæmilega greinileg í þessum dæmum: ‘kaulluð’ 820.17, ‘aullum’ 820.71, ‘hellður’ 820.73, kallaðr 823.70.

Enda þótt það sem hér hefur verið talið bendi til skyldleika rithanda í viðauka Flateyjarbókar við ritvenjur í 240,XV er engin þessara rithanda hin sama og á þeim blöðum.

IV

Rímnahandritið Kollsbók, Codex Guelferbytanus 42.7 Augusteus quarto, hafa þrettán menn gripið í að skrifa. Hönd 1 er á bl. 1r–7r14, en hönd 2 á meginhluta bókarinnar, bl. 7r15–58r23 og 62r–117v, en aðrar hendur eru hér og hvar inn í milli. Hönd Jóns kolls Oddssonar (hönd 3), sem er frábrugðin öllum öðrum í bókinni, er á bl. 58r24–61v og 118–125. Hjá öðrum höndum koma fyrir sömu auðkenni og á rithönd í 240,XV, en engar þeirra virðast þó vera skrifaðar af ritara þeirra blaða. Algengt hjá hönd 1 er ‘r’ með aukadrætti, t.d. eru á 2v16 þrjú dæmi: ‘geíra’, ‘Falfar’ og ‘runna’. Hjá hönd 2 kemur ‘ʔ’ og ‘ll’ með þverstriki stöku sinnum fyrir, en þar er ‘ʔ’ oftast með skástriki sem naumast nær yfir leggin, t.d. ‘hfunna’ 15v3, ‘æt’ 15v8, ‘aþið’ 15v12. Milli ‘ll’ er þverstrik stundum hallandi niður á við til vinstri, en stundum lárétt, sjá t.d. ‘Jallen’ 48v4, ‘höll’ 48v30 og ‘ðll’ 48v1,31.

Í Kollsbók er hönd 7 (38v9–16, 55r23–32 og 55v24–32) með fleiri einkenni í leturgerð sameiginleg með 240,XV en aðrar hendur í bókinni, enda þótt áferð skriftarinnar sé allt önnur; ‘r’ með aukadrætti er að heita má einrátt, sjá t. d. ‘birte’ 38v10, ‘trur’ 38v11, ‘Fer’ 38v13; ‘ʔ’ er skrifað í ‘Buðlung’ 38v9, ‘fýlke’ 38v13, ‘hñið’ 55r24; ‘ll’ með þverstriki kemur víða fyrir, t.d. ‘uill’ 55r23, ‘geruoll’ 55r24. ‘þíallít’ 55r26.

V

Íslensku lækningabókina í Dyflinni á Írlandi, MS Royal Irish Academy 23 D 43, gaf Henning Larsen út 1931.¹² Á bl. 54r14–15 er fyrirsógn með rauðu lettri: ‘hier hefur lækna bok þoulleips bio:ns sonar’. Þar er án efa átt við Þorleif Björnsson hirðstjóra á Reykhólum. Bl. 54 er fyrsta blað í átta blaða kveri, sem Henning Larsen taldi líklegt að hefði verið í upphafi bókar.¹³

Henning Larsen taldi að sex hendur væru á þessu handriti, meginhlutinn skrifaður af tveimur mönnum, hönd A á bl. 1r–25v, hönd B á bl. 26r og til loka á bl.74v, en með höndum fjögurra annarra skrifara væru fáeinar línur inn í milli. Þessar aukahendur eru hér nefndar C, D, E og F, en engin ábyrgð tekin á að Henning Larsen hafi allsstaðar greint rétt á milli rithanda. Ég sé ekki betur en að greining hans standist, en læt þó öðrum eftir að sannreyna það.

C hefur skrifað bl. 36v12–16 (?), hönd D bl. 49v1–22, hönd E bl. 51v13–22 (?) og hönd F bl. 52r13–23. Engin þessara handa er hin sama og höndin á 240,XV, en einkennandi leturgerð í 240.XV, ‘t’, ‘ll’ með þverstriki, ‘r’ með aukadrætti, ‘y₄’ og ‘æ’ sem límingur af ‘op’ koma að meira eða minna leyti fyrir í þeim öllum.

VI

Samkvæmt athugunum Einars G. Péturssonar er rithönd á kaflanum með ævintýrunum í AM 624 4to, sem eru prentuð í *ÆvMið*, ekki að finna annars staðar í handritinu.¹⁴ Þessi rithönd er ólík öllum þeim höndum í handritum sem eru tekin til athugunar hér á undan, en stöku sérkenni í leturgerð sameiginleg þeim koma þó fyrir í þessum kafla í 624, sjá bls. 171, nmgr. 24. Í 624 er Leiðarvísan skrifuð á bls. 85–90. Á fyrsta hluta kvæðisins á bls. 85.8–89.15 er sérstök hönd, nokkuð gróf og viðvaningsleg, en þar eru bæði ‘t’ og ‘ll’ með þverstriki algeng, /y/ oftast af gerð sem líkist y₄, en ekki er það einhaft. Ef AM 757 4to hefur verið forrit það sem Leiðarvísan í 624 hefur verið skrifuð eftir¹⁵ hefur ritarinn ekki stælt leturgerð eftir því; öllu fremur verður að líta á þessi einkenni á rithönd hans sem bendingu um hvar hann hafi lært að skrifa.

¹² Henning Larsen. *An Old Icelandic Medical Miscellany*. MS Royal Irish Academy 23 D 43 with Supplement from MS Trinity College (Dublin) L-2-27. Oslo 1931.

¹³ *MedMisc* 3, 5–6 og 21–23.

¹⁴ Sjá um þetta handrit *ÆvMið* xiii–xxix.

¹⁵ Sjá *Den norsk-islandske skjaldedigtning* A I, 618.

Sameiginleg einkenni á rithöndum í handritum sem hér á undan hafa verið tekin til athugunar eru, ásamt fleiru, ávitull um að þau hafi öll orðið til á sama stað og á þeim stað hafi verið álitlegur hópur skrifandi manna sem hafi unnið að bókagerð á síðari hluta fimmtándu aldar. Forkólfur þeirrar iðju hefur trúlega verið Þorleifur Björnsson, hirðstjóri á Reykhólum (d. 1486), en síðar hafa synir hans tekið við, Björn á Reykhólum sem skrifaði helgisagnahandritið Reykjahólabók, Perg fol nr 3 í Konungsbókhlöðu í Stokkhólmi,¹⁶ og hálfbróðir hans, Þorsteinn Þorleifsson bóndi í Svignaskarði, sem Stefán Karlsson hefur sýnt fram á að hafi skrifað Grettis sögu í AM 152 fol, og tvö blöð úr Jónsbók eru til með hans hendi (AM 173 d 4to, A 30).¹⁷

VII

Hér á eftir er texti blaðanna tveggja í AM 240,XV prentaður stafrétt og skáletrað það sem er leyst úr böndum. Máðir upphafsstafir og annað ólæsilegt er sett innan hornklofa, en innan oddklofa það sem er óskrifað og vantar. Orð á spássú (2v10) er sett innan þessara tákna: ´\, en stafir yfir línu innan \´. Ævintýrin, bæði heil og óheil, eru tölusett 1–6 og athugasemdir við hvert og eitt þeirra fylgja á eftir textanum, þar á meðal textar sumra þeirra sem hafa varðveist í öðrum handritum (nr. 2 og 6) og enskur texti til samanburðar við nr. 4.

¹⁶ *Reykjahólabók. Islandske helgenlegender*. I–II. Udgivet af Agnete Loth. Ed. Arn. Series A, vol. 15–16. Kh. 1969–70.

¹⁷ *Stafkrókar*. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Reykjavík. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 2000, 233–34.

TEXTINN

1

Ævintýri af sífjaspelli föður og dóttur (A Tale of an incestuous Daughter)

1r ¹da hans predikan nema sv synda fulla kona og hennar selskapur. þær voro ky[rr]ar at | ²sínv heimili. Þat var þeirra sorg mest huern dag at eigi komo svo margir menn med þeim at syndgl³azt sem þær uilldu og þær mætti sem mest silfur vínna. Og sem þær sitia svo j sítt | ⁴herbergi talar hon svo til þeirra. Vier skulvm ganga til kirkiv því þar munv vier fa noga fel⁵laga er med oss vilia leika og afla oss svo penninga. ganga sidan til kirkívnar og | ⁶inn j kirkívnna og svo skiott sem hon er inn kemur. rennir þann helgi mann byskupinn auga til | ⁷hennar og sier þa syn er honum þotti herfilig at þessi auma kona hafdi vm sinn hals | ⁸eina jarnfesti og þar vt af adrar festar er þeir fiandur helldu j er hana leiddu. | ⁹Og sem hon finnur sina felaga tekvr hon j þeirra klædi edr annat teik<n> gerir at þeir skyli | ¹⁰med henne ganga enn þeir bidia hana ganga sinn uæg. því nv er hinn helgi fostv | ¹¹dagr. þar fyrir vilia þeir eigi med henne ganga. Byskupa leit og sa allt þetta. hans hiarta | ¹²vard fullt med sorg þegar hann sa til hennar og villdi giarna frelsa hana ef hann mætti. | ¹³Þa tok hann at tala af guds myskvn bædi hatt og lagt. og med almattig` s´ | ¹⁴guds myskvn flo ein aur j hennar hiarta þat sem byskupa taladi svo at tårinn fel¹⁵llo nidr vm hennar kinnur og brast þa festurín vm hennar hals. en fiandinn vard hræl¹⁶ddur og flyr j burt en byskupinn uard gladr j sitt hiarta og predikadi sem adur guds eren¹⁷di. enn kuinnan sat og hlyddi. því hon villdi giarna heyra meira þar af og flaut | ¹⁸nv oll j tårum. Fiandur þeir sem hana leiddu at arm-leggvnum flydv þegar festurnar | ¹⁹geingu j sundur og þordu eigi leingur at bida. enn hon fell fram á sin kne og bad gud | ²⁰almattígan gefa sier sína hialp og myskun. Eptir svo gert hneigdi hon sig at | ²¹byskupi svo talandi til hans heimvgliga. J allann dag hafi þier talat af mier því eg | ²²hefi framit allar þær syndir er e`i`n kuinna ma gera j moti gudi og hans lol²³gvn. Telvr sidan fram allar sinar syndir sem adur voro sagdar. bidur sidan byskupinn fyrir guds | ²⁴skyllt at skripta sier. þvíat eg mvn skiott deya af sorg. Byskupa suarar bid | ²⁵litla s`t`vnd til þess er utí er sermonen. eptir þat fell hon j ovit at ollum a sífa | ²⁶[on]dum svo full af sorg og sut at hennar hiarta brast j svndur. og sem byskupinn hefir uti || **1v** ¹sitt erendí geck hann snart til hennar enn bad folkit sífía burt. byskupinn bad hana upp stl²anda. enn hon la kyrr og fann hann þa at

in zant gete h̄ s̄at t̄ h̄ay en b̄ polt̄ sma br̄. b̄p̄m had h̄ up̄ st
 ande. en h̄ ta t̄ye t̄ yad h̄ p̄a at h̄ v̄ d̄avd̄. Da t̄ b̄p̄m at ḡra
 ay alt̄u q̄m t̄ had h̄d̄m alt̄u at p̄alta v̄a m̄ s̄m t̄ue. t̄ h̄d̄ia
 q̄ ay alt̄u q̄m. ay h̄ m̄l̄at p̄ v̄irtu h̄v̄t sal v̄ay p̄alt̄u. en p̄to
 put̄ Og s̄em alt̄u h̄aym̄ tolt̄ s̄tue d̄ay. h̄ay n̄od̄a ay q̄m̄ s̄uo
 at alt̄u m̄at̄u h̄ey ē j̄ w̄ost̄m̄ v̄ z̄ s̄aḡd̄ at p̄m̄ s̄ama sal ay
 p̄m̄ s̄yod̄a p̄olta h̄b̄a s̄beu ay p̄ult̄ h̄at̄ j̄ m̄it̄m̄ m̄ b̄m̄ q̄m̄
 j̄h̄o. z̄ ē b̄ d̄p̄ t̄eȳsa t̄ib̄m̄ ay alt̄u s̄m̄ s̄yod̄u t̄eḡa. s̄m̄ h̄ia ody
 b̄p̄m̄ m̄. p̄ p̄m̄ p̄at̄ m̄ad̄m̄ h̄ay. s̄toet̄ b̄ier z̄ m̄lt̄ h̄ t̄allat̄ul ḡud̄
 ay p̄b̄m̄. p̄a m̄v̄ h̄ m̄ȳt̄v̄a p̄u h̄v̄ p̄ ē ē v̄a yd̄ v̄ alla t̄ p̄na
 m̄ at p̄i p̄alt̄u ē j̄ ōm̄it̄u. p̄at̄ p̄i h̄ap̄t̄ ḡi s̄toet̄ j̄ mot̄ h̄yod̄. p̄
 at p̄at̄ m̄ad̄m̄ h̄ep̄d̄i ḡt̄ alt̄ p̄ay s̄yod̄ t̄ ē d̄et̄ m̄ega j̄ v̄olt̄ d̄ue
 z̄ v̄olt̄ h̄ s̄t̄p̄t̄z̄ iaȳm̄ z̄ ȳp̄ h̄ap̄t̄ z̄ h̄at̄l̄a p̄ay s̄t̄p̄ t̄ ē h̄m̄ v̄d̄a.
 s̄et̄ z̄ h̄p̄a v̄el s̄m̄. p̄a m̄v̄ ḡ p̄ ḡep̄a h̄m̄. p̄ay d̄ eḡ ōḡ at v̄ ḡroū
 s̄alt̄ at v̄ m̄aȳ odȳ h̄m̄it̄m̄s̄ b̄l̄ez̄ m̄ end̄a n̄m̄.
 H̄ine t̄h̄w̄ s̄ob̄u v̄ t̄w̄er b̄on̄ ōm̄ m̄b̄ en d̄m̄ ōm̄b̄. p̄na v̄ iaȳ p̄
 ay j̄ m̄lt̄e. p̄na s̄t̄p̄t̄a p̄ad̄ m̄lad̄i iaȳm̄ p̄ p̄m̄ at p̄ay s̄t̄p̄t̄d̄u
 ē s̄ḡa. t̄ em̄ s̄m̄ at p̄aȳb̄ ē p̄aȳ s̄t̄p̄t̄d̄u t̄aba ḡo t̄ib̄a s̄aḡd̄i p̄
 s̄m̄ s̄t̄ p̄na. D̄v̄ s̄b̄v̄ s̄ir l̄eḡ m̄d̄ alt̄e h̄at̄ z̄ s̄ȳad̄ ē p̄c̄b̄ h̄eȳ.
 j̄ m̄lt̄i b̄et̄. h̄m̄ m̄b̄ ē s̄v̄. p̄ ē ēi s̄toet̄ h̄at̄ p̄o ē s̄e ā uat̄t̄ iaȳm̄ v̄
 h̄at̄ m̄ m̄. p̄st̄m̄ s̄v̄. p̄at̄ s̄b̄v̄ s̄aȳ p̄ult̄u s̄at̄ z̄ h̄v̄ b̄ȳlla ad̄na
 p̄ell̄iḡ v̄d̄ ȳc̄b̄ p̄ess̄i p̄iōv̄st̄at̄ a p̄alt̄u d̄as̄. h̄i ep̄t̄ ḡa p̄aȳ s̄e
 p̄st̄m̄ h̄ȳd̄. p̄ z̄ s̄m̄ ḡt̄ p̄iōv̄st̄o. S̄ē v̄re ē m̄eḡ m̄a p̄aȳ v̄t̄ ay
 t̄h̄iv̄ue s̄ ad̄ m̄. s̄m̄ t̄al̄ h̄m̄ ōm̄b̄ ē t̄ h̄m̄. p̄at̄ v̄ m̄lt̄ p̄aḡ
 v̄d̄ s̄eḡ h̄ at v̄ s̄t̄p̄t̄d̄u s̄aȳm̄z̄ ōd̄ j̄ m̄lt̄i ad̄ ē v̄ to b̄v̄ p̄sa h̄at̄et̄
 a p̄iōv̄st̄u z̄ ōnḡu t̄h̄ h̄eȳ ē p̄eḡm̄ ad̄ s̄eḡ h̄. p̄eib̄ p̄u s̄eḡ h̄. h̄m̄

hon var dæd þa tok byskupinn at grata | ³af ollu hiarta og bad lyðinn allann at falla vpp æ sîn kne. og biðía | ⁴gud af ollu hiarta. ef hann uilldi þeim bírta hvort sál væri frialsut eda fortol⁵pvt Og sem allir hófdu lokit sinne bæn. kom rodd af himnvm suol ⁶at allir mattu heyra er j mvsterinv voro og sag`d`i svo at þann sama sál af | ⁷þeim synda fvlla likam skein nv full biart j himínnríki med vorum herra | ⁸Jesv Kristo. og bad byskup leysa likaman af ollvm sinum syndvm og grafa sidan hía odrum | ⁹krist<n>um monnum. fyrir þui þott madurínn hafi stort brotet og uill hann kalla til guds | ¹⁰myskunnar. þa mvn hann myskunn fa Huar fyrir er eg vara ydr vid alla kristna | ¹¹menn at þier fallft eigi j oruflnan. þott þier hafit gudi stort j motí brotid. því | ¹²at þott madurínn hefði gert allar þær syndir sem gerazt mega j verolldinne | ¹³og vill hann skriptaz idraz og yfir bæta og hallda þær skriptir sem honum uerda. | ¹⁴settar og lifa uel sidan. þa mvn gud fyrir gefa honum. Þat ræd eg os at ver gíorum | ¹⁵svo allir at ver mættum odlaz hímínnríkis blezan utan enda amen. |

2

¹⁶[J] Eínne kirkív sokn voro tvær konur onnur rik enn onnur orík. þeirra var íafnan fl¹⁷att j mille. þeirra skripta fadír taladi íafnan fyrir þeim at þær skylldv | ¹⁸eigi svo gera. Og eítt sinn at paskum er þær skylldu taka guds likama sagði prel¹⁹sturinn svo til þeirra Nv skulv þit leggía nidur allt hatur og stygd er yckur hefir | ²⁰j millí boret. Enn rikare svarar. þat er ecki stort hatur þo eigi se á uallt íafn bl²¹ítt med monnum. presturenn svarar. þit skulvt sætaz fullum sattum og hvor kyssa adra | ²²þvi ellígar verdr yckur þessi þionusta til a fallz doms. hier eptir gera þær sem | ²³presturinn bydur. þeim og taka sidan guds þionvstv Sem ute er messan ganga þær vt ²⁴af | kirkívnne sem adrir menn. sidan talar hin oríkare svo til hinnar. Þat uar mikill fogn²⁵vdur segir hon at vit skylldv sættaz ockar j milli adur en vit tokvm þessa hale`i`tl²⁶a þionvstu og ongum hlut hefir eg fegnari ordit segir hon. Þeinkir þu segir hon. honum ||

3

2r ¹fögur ord og ohoflígt dramb. þeir .íj. ormarnir er nott og dagur. |

4

²[V]t j susanna j svo heítanda ríki segir at væri ein storburdug kuínna. svo | ³segir at hon elskadi eínk klerk af svo mikílle ast at hon uilld | ⁴hellður enn allt ueralldar gull hans elsku fa. og eítt sinn er hon híttir hann segir hon suo | ⁵til hans mínk kæri vin segir hon. kynni eg þína elsku at fa. og þu uilldir mínk

pag. ad. i. optige. hinc. in. u. m. n. e. n. n. t. z. d. n. g.
 z. j. s. f. s. n. a. d. s. h. e. r. t. a. n. z. s. e. g. a. t. v. a. c. i. s. m. e. d. u. n. g. t. m. m. s. u. o.
 s. e. g. a. t. h. c. h. s. a. d. i. e. m. b. i. e. r. t. a. p. s. m. i. l. e. n. t. a. t. h. u. i. l. l. a. q. e.
 u. d. e. n. a. l. t. u. a. l. l. a. g. u. l. l. t. i. s. o. f. f. e. u. p. a. z. e. n. t. s. m. e. h. q. u. i. h. s. e. g. h. s. n. o.
 t. h. s. m. i. n. b. a. v. i. t. o. g. h. s. p. m. i. e. s. i. a. c. h. s. u. a. t. p. a. z. s. u. u. i. l. l. a. m. i. n.
 u. i. l. l. a. z. a. s. y. l. l. a. r. a. y. a. i. e. z. a. l. l. m. i. n. p. a. i. n. g. j. s. u. u. u. a. l. l. a. d. i. s. l. e. r. s. e. n.
 s. e. g. h. i. v. e. i. t. h. s. s. e. g. y. t. o. n. g. s. u. i. n. u. u. i. l. l. a. c. h. s. a. u. e. a. u. g. g. m. a. r.
 u. i. h. h. e. l. l. a. p. m. s. i. n. u. h. o. r. m. u. s. l. e. v. e. n. i. t. z. h. s. u. a. h. s. h. g. e. t. j. h. i. n. u.
 z. e. n. t. h. u. t. s. i. a. d. e. m. i. t. s. u. o. m. h. a. r. b. l. a. k. e. n. s. u. n. a. t. u. z. r. a. d. a. t. a. l. l. e. r.
 s. m. e. s. a. m. i. t. j. h. a. r. s. o. n. g. u. t. s. i. n. u. i. l. l. a. z. u. i. t. q. h. e. s. u. h. a. l. l. h. i. n. s.
 b. h. a. l. a. r. t. i. p. h. s. a. u. h. s. a. t. u. e. m. h. i. n. h. s. e. p. s. t. o. d. u. g. j. m. o. n. h. a. r. s. p. o. n. d.
 a. m. t. a. u. m. i. n. t. s. h. s. i. t. a. t. h. s. d. e. m. o. n. g. s. i. n. u. i. l. l. a. p. m. i. q. u. i. h. a. l. l. a.
 s. i. n. a. m. z. p. l. e. a. l. l. a. t. p. e. s. s. o. n. p. s. o. n. t. h. a. r. z. s. p. e. p. s. o. n. p. a. i. p. e.
 h. j. s. t. a. d. s. e. g. h. s. p. m. v. o. u. d. a. m. z. s. u. i. b. a. e. m. h. e. y. p. a. s. s. i. l. l. a. s. u. b. i. t. z.
 b. l. y. g. d. G. e. t. h. c. i. g. i. s. u. p. o. i. h. a. p. t. e. p. e. g. r. e. d. i. n. p. i. o. r. a. z. i. n. t. e. t. j. s. t. i. k.
 m. p. e. z. p. s. e. h. d. i. n. a. s. i. n. s. d. o. s. z. e. n. u. n. a. p. s. t. u. n. o. t. t. o. p. t. e. h. u. i. n. s. e. t.
 t. a. p. i. s. a. m. a. t. o. n. a. p. m. i. t. h. a. r. j. m. e. n. m. s. i. n. e. h. i. s. t. a. t. e. a. l. l. u. i. n. u.
 h. c. u. h. i. n. e. p. s. t. o. d. u. g. u. d. u. s. u. o. a. t. u. d. m. s. o. p. u. n. t. o. t. h. a. r. z. p. i. n. a.
 p. a. u. p. b. o. p. a. i. s. a. t. a. p. e. s. i. d. z. s. e. g. i. a. d. o. s. a. n. d. a. u. u. z. z. p. l. e. a. r. u. a. u. p.
 s. t. a. d. e. n. t. m. i. n. z. p. e. s. o. n. z. s. i. a. p. a. s. a. i. t. u. a. e. h. s. i. a. d. o. p. u. d. z. s. e. h.
 u. a. p. p. s. e. g. a. t. h. h. a. p. i. h. e. m. s. o. u. s. t. i. m. p. a. n. g. b. o. r. t. e. h. s. u. a. t. e. p. e.
 z. b. a. u. u. t. a. p. l. e. t. g. u. d. e. u. a. t. a. l. l. u. a. s. i. a. v. o. d. u. z. s. u. h. a. i. n. z. m. u. a.
 z. b. a. u. i. n. s. i. a. m. e. n. t. i. u. p. e. n. h. e. y. m. p. r. h. s. p. u. n. g. s. u. r. t. i. g. a. a. u. e. m. a. y. a.
 p. u. e. i. u. b. u. i. n. a. m. e. d. a. t. a. n. a. m. a. n. a. c. u. h. s. s. e. p. l. l. a. m. p. r. e. g. m. i. d. b. o. u.
 h. b. a. d. z. e. n. t. b. l. u. r. z. s. i. g. n. a. j. u. r. u. i. n. u. h. i. n. s. a. t. h. m. a. y. a. a. u. g. n. a. s. t.
 a. p. s. i. g. e. p. a. z. s. u. g. r. z. b. a. u. h. s. u. p. a. l. l. a. n. e. n. b. e. i. n. i. s. i. g. n. a. p. e. z. s. u. r.

l⁶uilia g[er]a skyldi bæði eg og allir minir penníngar j þínu ualldi. klerkurenn
 l⁷segir hier neí til. þvi hann segízt ongva kuínv uilia elska nema ivngfru
 marl⁸ív. hon helldur fram sínvm hætti við klerkinn. en hann fer undan sem
 hann getur j huerív. l⁹og eitt huert sinn kemur til svo med hennar klokri kunn-
 attu og radum. at klerl¹⁰kurenn er komin j hennar sæng utan sínna vilía og vit-
 an. hon hefur við hann allz kyns l¹¹blídlæti þat hon kann honum at veíta Enn
 hann er þvi stodugri j moti hennar synds l¹²amlígum uilia. og sem hon sier at
 hon kemur ongum sinum uilia fram. lætur hon kalla l¹³sína menn og fle(i)r¹⁸
 adra at þeir skulu þar koma til hennar. og sem þeir ero þar komnir. fangi þier
 l¹⁴hann j stad segir hon. þann vonda mann og suikara er mig hefir falslga
 suikít og l¹⁵blygdat Getur hann eingi suor fyrir sier haft er þegar tekinn
 fiotradr og inn settur j *sterkan l¹⁶*mur.¹⁹ og þar skal hann bida sins doms.
 og env næstu nött eptir er hann uar ínn settur l¹⁷kom þessi sama kona þar inn
 til hans j murenn med sinne líst og lætur en all blítt við l¹⁸hann. enn hann er
 þvi stodugri. uerdur nv svo at uard menn stofunnar komo til hennar og fínna
 l¹⁹þau þar bæði. lata aptur sidan og segia domandanum til og fleírum odrum.
 l²⁰stadarens monnum og þeir koma og sía þetta satt uera. er hann sidan
 dæmdur. og skal hann l²¹brenna. þvi þeir segia at hann hafi henne med
 konstrum þangat komít. er hann sidan teken l²²og brendur ut a slettri
 *grundv²⁰ at ollvm a síavndum. og sem likamínn er miog brendur l²³og brunn-
 inn svo sía matti `ber` rífen. heyra þeir hann syngia sætliga. aue maria l²⁴þar
 uar ein kuínna medal annara manna. enn hon uar skyld miog fyrr greindri
 konv l²⁵hon bad taka einn klut og stinga j munnínn á honum svo at hann
 mættí avngva raust l²⁶af sier gefa. og svo var gert. og brann hann þar vpp allr.
 nema beínin lágu eptir. og sazt ll2v l¹þar optlga lios `yfír`. sidan uar hann
 skrinlagdur j þessum sama stad. og er þar [hei]lagur. l

5

²[P]at er enn sagt at suo segir *sancte gregorius*. huersu þat kom til. vm einn
 pípara at hann l³kom til eíns byskups herbergís og bad sier myskunnar. þetta
 var þann tid er byskup sat l⁴yfir bord. og uar þa af bordat er hann kom ínn.
 byskup las bordsalm og komít at l⁵blezann. enn þessi pípare pípar bæði hatt
 og huelle. þat uar sagt af byskup. þessum l⁶at hann uæri godr madur og gud
 hræddur j guds bænum. og sem hann skyldi bl[e]za epl⁷tir bordsalmenn

¹⁸ Skr. 'færi'.

¹⁹ *Misritað* 'fitterkan myr'.

²⁰ *Misritað* 'grundrv'.

gleymdi hann nokkut þar af fyrir pipara hlíodinv. Hier af | ⁸angradíz byskup-
ínn miog og sagði til allra þeirra er þar voro at eingínn skyldi suo | ⁹vordenn
hlut gera um bordsalmenn. því hann er samenn med gípt heilags anda. og þar
| ¹⁰mundi brad hefnd fyrir koma. og bad 'gefa` honum olm`o'su. þvíat hans
daudi er honum nær. hann | ¹¹tok uid þeirrí olmosu er honum uar gefinn og
geck sidan ut um portid og er hann kom um dyrnar | ¹²ut. fiell einn steinn ofan
af murnum j hans hofud svo at þar feck hann bana af. var | ¹³þat audsed at
gudi uar eingenn þockí a hans þíonuztu. er hann glapti fyrir byskupinv. |
¹⁴hans godar bænir. Þat er talat fyrir þa gleði menn er hlæia. edr gera annat o
mak | ¹⁵um bord salm. messo edr adra guds þíonvztu. |

6

¹⁶[A]f éinum domanda þeim er lög sagði yfir odrum monnum. er þat sagt at
hann gal¹⁷f íafnan. harda doma og uægðar lausa og misáfnt retta. godir menn
badu | ¹⁸hann gera lika hinum fataeka rett. og hann skyldi hafa myskvnn a
þeim | ¹⁹og hafa eigi meira en honum bar. og þeir mætti lífa j fridi fyrir hon-
um Enn hann sagdiz | ²⁰ecki gera framar en *log. en²¹ morg log eru þau er
myskvn uerdur at fylg`i`a. lít²¹lu hier eptir fell þessi madr j stranga sott. þat
er af honum sagt at hann feingi | ²²litla edr ongva idran fyrir sinar syndir.
hans síukdomur ox svo at allír nærr | ²³uerandi menn þottuz sía fyrir hans
dauda úfsan. og urdu miog hræddir og otta fv²⁴llir. hann þottíz úfta at þeirra
hrædzla var ei fyrir godu. þeir hórfdu íafnan | ²⁵upp a hann. og sau hans lít
misskíptaz. hann brautz um fast bæði til og fra svo þeir hl²⁶ugdu sængina
mundu svndur ganga j tuav. hann kalladi hatt hafdv a mer myl²⁷skun. þa
heyrdur allir þeir er inne uoro rodd upp j hímennenn. þu hafdir a | ²⁸ongum
manne myskun. því skal eg aungva a þier hafa. hier med deydi hann skiotlga ll

²¹ Misritað 'log en.' í XV.

VII – ATHUGASEMDIR

Á þessum blöðum tveimur (240,XV) eru einungis tvö ævintýri heil (nr. 4 og 5). Af nr. 1 vantar upphafið, en það hefur varðveist heilt í AM 624 4to og Sth Papp 8vo nr. 8 og er prentað eftir þeim í útgáfu Einars G. Péturssonar, ásamt ensku kvæði sem hefur verið ort af þessari sögu.²² Textinn í 240,XV hefst á “da” í orðinu “hlyða”, *ÆvMið* 27.80. Talsverður orðamunur er á textum 240,XV og 624, en Sth8 fylgir þeim á víxl þar sem texti þess er ekki breyttur. Hér á eftir eru tilgreindir allir leshættir þar sem 624 vísar frá 240,XV (stytt XV hér fyrir neðan) og frávik í annars óbreyttum texta Sth8:

1r2 þeim XV, Sth8, þær 624. 5 oss² XV, ÷ 624, Sth8. 6 er²³ inn kemur XV, inn kemr 624, uar jnn komenn Sth8. helgi XV, Sth8, godi 624. 7 er XV, Sth8, sem 624. herfilig XV, Sth8, hrædilig 624. hafdi XV, Sth8, hefði 624. 8 leiddu XV, Sth8, leida 624. 9 j XV, Sth8 ; ÷ 624. skyli XV, skylldu 624. 10–11 enn – ganga XV; ÷ 624. 11 leit XV, + til 624, + til hennar Sth8. 16 flyr XV, flyði 624, flydu Sth8. byskupinn XV, Sth8, byskup 624. 18 nv XV; ÷ 624, Sth8. festurnar XV, festarnar 624. 19 enn XV; ÷ 624, Sth8. 21 byskupi XV, Sth8, byskupinum 624. svo talandi XV, talanndi so Sth8, og taladi 624. 22 j XV, ÷ 624. 23 guds XV, Sth8, gud- 624. 24 at XV, Sth8; ÷ 624. þviat XV, þui 624, Sth8. Byskupa XV, byskup 624, Sth8. 25–26 a sía ondum XV, Sth8, asiandum 624. 1v1 burt (ritvilla) XV, kyrt 624, Sth8. 3 lyðinn allann XV, allann lyðinn 624, lyðinn Sth8. 4 hvort XV; + hennar 624, Sth8. 6 sagdi XV, segir 624, Sth8. 7 likam XV, likama 624, Sth8. 8 sidan XV, Sth8; ÷ 624. 10 er XV; ÷ 624. 11 gudi XV, Sth8; ÷ 624. j moti XV, Sth8, af 624. 12 at XV; ÷ 624, Sth8. hefði XV, hafi 624, Sth8. 13 skriptaz XV; + og 624. 13–14 og³ – settar XV, Sth8, og af lata 624. 14 os XV, ÷ 624, Sth8.

Í 624 vantar texta frá 1r10 til 1r11 enn – ganga. Þar hefur skrifari litið í forrit sitt eftir að hafa skrifað ‘ganga’ (sjá 240,XV 1r10) og farið línuvillt og haldið áfram með texta á eftir ‘ganga’ í næstu línu. Villur af þessi tagi eru talsvert algengar í handritum og koma að góðum notum við að rekja skyldleika texta. Í Sth8 er texti í þessum stað breyttur miðað við 240, XV, en þó ekki öllu meira en annarsstaðar þar sem texti þess er endursaminn. Allt um það bendir texti Sth8 í þessum stað til að hann sé ekki ættaður frá 624. En af orðamun þeim

²² *ÆvMið*, xc–xci og 27. ævintýri (bls. 60–80).

²³ er: ofaukið í XV.

sem skilur í milli 240,XV og 624 er það skjótast að segja, að ekkert af þeim dæmum sem eru tilfærð hér að framan dugir sem sönnun þess að texti í 624 sé ekki ættaður frá 240,XV. Villur eða tortryggilegir leshættir í 240,XV (sjá dæmi hér fyrir ofan í 1r6, 1r11, 1v1, 1v4 og 1v13) eru þess eðlis að sæmilega athugull eftirritari mundi aldrei taka það óbreytt eftir forritinu. Þar við bætist að líklegast er að samskonar rittákn fyrir /ál/, /l/, /ll/ og /r/ í 624 og 240,XV hafi ritari 624 stælt eftir forriti sínu.²⁴ Að vísu má vera að það forrit hafi ekki verið 240,XV, heldur annað handrit skrifað af sama manni, en eldra og með færri villum.

Af nr. 2 vantar niðurlagið. Fyrri hluti þessa ævintýris er einnig í Papp 8vo nr 8 á bl. 146v, sem er síðasta blað handritsins, og þar vantar texta frá og með *Pat*, 1v24.²⁵

Papp 8vo nr 8

146v ²⁹J eýrnne kyrkiu soknn voru túær konúr ønnur rýck enn ønnur o rýk,l ³⁰þeirra uar fatt a mille, enn þeirra skriftar fader taladi jafnan fyrer þeiml ³¹ad þær skilldu ecki so giora, helldr uera sattar og eitt sinn leýd at paskum,l ³²og þær uilldu med taka h(eilagt) cacaramennti þa s(egir) presturinn til þeirra, nul ³³skulu þid leggja nidur allt hatur, og strid er yckar a mille hefur uerid, hinn rika ³⁴suarade það er ecki stortt, hatur þo ecki sie jafn hlýtt med monnum. prestur s(eger): þidl ³⁵skulid settast, fullum sattum, ella uerdr þessi ýckar þíonusta til domsl ³⁶afellis, meiri enn til salu hialpar, hier epter giora þær sem presturinn býfalarl ³⁷þeim og taka sýdan gudz þíonustu, enn sem uti er messan gangal ³⁸þær ut af kyrkiunne, sem adrer menn og talar hinn orýka til hinnar rýku ll

Ég get ekki séð að þessa ævintýris sé getið í neinni þeirra handbóka sem ég hef tiltækar.

Af nr. 3 eru aðeins tólf síðustu orðin varðveitt í efstu línu á bl. 2r. Það er heilt í 624 og prentað eftir því handriti á bls. 5–6 í *ÆvMið* (nr. 4) ásamt miðenskri þýðingu úr *Gesta Romanorum*. Þetta ævintýri kemur víða fyrir og í mismunandi gerðum.²⁶ Í *Catalogue of Romances* er þess getið í efnisskrá

²⁴ Sjá mynd í *ÆvMið* af bls. 55 í 624: 'þitagríml' l. 17, 'þetagi' 19; 'uillði' 3, 'villlði' 4–5, 'ollum' 8; 'á' 12. Sama r og í XV er í 'trur' l. 8.

²⁵ *ÆvMið*, liii–liv.

²⁶ Sjá *Index exemplorum*, 5022.

fjöldi handrita í British Library, sjá t.d. II, bls. 123, og III, bls. 12, og víðast tekið fram að það sé ættað úr Barlams sögu og Jósafats. Einar G. Pétursson tók enskan texta þessa ævintýris eftir útgáfu Sidney J. H. Herrtage á BL Add 9066.²⁷ Ævintýri nr. 4 er heilt á bl. 2r–v. Það er ekki í 624 né öðrum þeim handritum sem Einar G. Pétursson notaði. Hér er enskur texti eftir An Alphabet of Tales tekinn til samanburðar:

Luxuria multa mala facit.

In þe Cetie of Susace was þer a womman þat keste hur harte hugelie on a clerk þat had fayr een, to hafe at do *with* hym, vnto so mekull at sho said vnto hym; “And þou will hafe at do *with* me all my gude sal be thyne.” And he excusid hym & wolde nott. And sho saw þat & went vnto þe iustis & accusid hym, & said he wold hafe oppressid hur. And þe iustis sente for hym & dampnum for lichori vnto prison. And sho contynod still in hur fals syn & luste, & gatt a styte & clam vp at a hy wall to a wyndow of þe prison, & clambe our & lepyd down vnto hym & laburd hym to hafe att do *with* hym, and he wolde not grawnt vnto hur. And als tyte as sho was fon *with* hym þai went & tellid þe iudgies, and þai trowid he had bene a wyche & vsid sorcerye, & demyd hym to be burnyd, and so he was. & when his ribbys was burnyd þat men myght se his longis, he began to syng “Ave Maria,” at all folke hard. And onone one of þe wommans cussyns putt a grete colle in his mouthe & said; “I sall putt away þi prayers.” & *with* þat he worod hym; & his bonys war berid in þe felde & did many grete meracles. And now vpon his grafe is þer made a wurthi kurk.

Annar texti, lítið eitt frábrugðinn, er í The Dialogue on Miracles; þar er klerkurinn ungi nefndur Herman. Þessir textar eru báðir að því marki ólíkir íslenska textanum að naumast kemur til greina að hann hafi verið þýddur eftir öðrum hvorum þeirra.

Ævintýri nr. 5 á að upphafi rætur að rekja til Dialoga Gregoriusar (1. bók, 9)²⁸ og komið frá þeim eftir óljósum leiðum. Ég hef ekki fundið beina fyrirmynd íslenska textans í bókum sem mér eru tiltækar.

Nr. 6 er prentað eftir JS 4to á bls. 7–9 í ÆvMið ásamt hliðstæðum miðenskum texta í Handling Synne.²⁹ Í 624 hefur þetta ævintýri ugglaustr verið

²⁷ Sjá ÆvMið x, nmgr. 8, og lxxxiv–lxxxv.

²⁸ *Gregorii Magni Dialogi*, 53.7–54.11. *HMS I*, 193.18–194.7.

²⁹ *Sjá Index Exemplorum*, 2852.

þar sem nú er eyða á eftir bls. 53.³⁰ Í 240,XV endar textinn neðst á bl. 2v og vantar niðurlagið frá ÆvMið 5.20 ‘skiðtlega’, en í AM 42 a 8vo er það heilt á bl. 96r (bls. 191) í yngri hluta handritsins. Þann texta gaf Ole Widding út í bók sinni: *Alkuin i norsk-islandsk overlevering*.³¹ Hér er þessi texti prentaður eftir sama handriti og skáletrað allt sem er lesið úr böndum, en það hef ég gert lítið eitt á annan veg en Ole Widding:

42 a, 96r³⟨A⟩f einum domanda þeim er laug sagdí yfer odrum monnum er þat sagtl²ath hann gaf iafnanl⁴harda doma og vægðarlausa og misiafnt ríetta. goder menn badu hannl⁵giora lika hinum fatæka ríett og hann skylldí hafa myskunnl⁶þeim og hafa ei meira enn honum bar og þeir mætti lífa j fride fyrerl⁷honum. enn hann sagdizt ecki giora annat enn laug. enn mörg laug erul⁸þau. er myskunn verður ath fylgía. Litlu hier epter fiell þessi madurl⁹j stranga sott. þat er af honum sagt ath hann fiengi litla eda öngual¹⁰jdran fyrer sinar synder. hans sfukdomur ox suo ath aller nær verandíl¹¹menn þottuzt sia fyrer hans dauda visann. og vrdu menn hrædder og l¹²otta fuller. hann þottizt ⟨vita⟩ ath þeira hrædzla var eigi fyrer godul¹³þeir horfdu iafnan vpp æ hann og sau hans lit mis⟨s⟩kiptazt.l¹⁴hann brautzt vm fast. badí til og fra. suo þeir hugdu sænginal¹⁵mundu j sundur ganga j tuo hluti. hann kalladi. hafdu myskunnl¹⁶æ mier. Þa heyrdur þeir aller jnne voro raudd vpp j himínínnl¹⁷þu hafder æ öngum manni myskunn. þvi skal eg öngua æ þier hafa.l¹⁸Hier med deydi hann skiotlíga. Þier domsmennirner er heyrít þettal¹⁹æfintyr megít heyra og læra þat er at dæma rangt og gíoral²⁰illa. hafit helldur j hiortum ydrum myskunn og ríettlæti og siaftl²¹hinn fatæki ma eigi suo vel sem þier. verit myskunnsamer fyrer ydartl²²bezta. at gud lati eigi sina storu hefnd yfer oss koma.l


Einnig er þetta ævintýr í ÍB 745 8vo á bl. 40v–41v. Í því handriti kemur textinn að mestu heim við JS 43 4to.³²

Texti í 42 a er svo að segja orðrétt hinn sami og í 240,XV, en talsvert er um frávik í 43:

³⁰ ÆvMið, xiii.

³¹ Alkuin *De virtutibus et vitiis* i norsk-islandsk overlevering. Udgived ved Ole Widding. *Editiones Arnemagnæanae*. Series A, vol. 4. København 1960, 146.


³² Sjá ÆvMið lxx–lxxiii.



AM 42 a 8vo bl. 73v.

2v16 er þat sagt XV, 42 a; eftir domanda 43. þeim XV, 42 a; ÷ 43. 18 lika XV, 42 a, lýkn 43. rett XV, 42 a; ÷ 43. 19 meira XV, 42 a, meir 43. bar XV, 42 a, bære 43. og XV, 42 a; + ad 43. 20 framar XV, 43; annat 42 a. 22 syndir XV, 42 a; + enn þá er 43. 23 dauda úsan XV, 42 a, vísann bana 43. og urdu XV, 42 a, þá vrdu þeir 43. miog XV, 43 (skr. 'm' í XV), menn 42a. 24 hann þöttíz XV, 42 a, og þöttust 43. uíta XV, 43; ÷ 42 a. íafnan, eftir 25 hann¹ 43. 25 mis- XV, 42 a, vm 43. 26 mundu XV; ÷ 43, + j 42 a. tuav XV, tuo 42 a, ij 43; + hluti 42 a, 43. hatt XV, þá hätt 43; ÷ 42 a. 26–27 hafdv (haf þu 43) á mer myskun XV, 43, hafdu myskunn á mier 42 a. 27 allir þeir er XV, 43; þeir aller 42 a.

Ekkert þessara lesbrigða er marktæk bending um að 42 a sé ekki skrifað eftir 240,XV, enda líklegast að í 42 a sé ævintýrið eftirrit af handriti því sem blöðin tvö í 240,XV eru leifar af. Eins og áður segir getur verið að sami maður hafi skrifað þessi blöð og eldri hluta 42 a, og hníga þá öll rök að því að handritið með ævintýrunum og 42 a hafi verið á sama stað þegar yngri hlutinn af 42 a var skrifaður. Leshættir í 43 sem víkja frá 240,XV eru væntanlega sumir ættaðir úr 624, en einhverjir geta verið eftirritaranum, Magnúsi Jónssyni í Vigur, að kenna. Þetta ævintýri er einnig í handriti Jónsbókar með hendi Gísla Jóns-



AM 42 b 8vo bl. 11r.

sonar í Melrakkadal, AM 47 8vo, bl. 55r–56r.³³ Í því handriti eru upphaf og lok sögunnar endursamin, en miðhlutinn kemur að mestu heim við önnur handrit, en getur þó ekki verið tekinn eftir neinu þeirra.

MÁLFAÐ

Á þessum ævintýrum er málfað þeirra fimmtándu aldar manna sem töldu sig yfir það hafna að skrifa sama mál og öll alþýða á Íslandi talaði, og fyrirmynd að finna máli sóttu þeir, eins og enn gerist á Íslandi, í tungumál nágrannaþjóða, einkum dönsku, norsku og lágbýsku. Tökuorð sem koma fyrir í 240, XV eru flest frá fjórtándu og fimmtándu öld, tínd til hér á eftir (skáletruð og með nútíma stafsetningu): *selskapur* 1r1. *með* (í merkingunni *af*) 1r12 (*fullt með sorg*). *heimuglega* 1r21. *kvinnu* 1r22. *snart* 1v1. *fortöpuð* 1v4–5. *stórburðug* 2r2. *klókri* 2r9. *vitan* 2r10. *pípari* 2v2. *deyði* 2v28.

Að fyrirmynd finni mála en íslensku eru persónufornöfn og eignarfornöfn sett á undan nafnorði, sjá t.d. *sínu heimili* 1r2; *þeirra sorg* 1r2; *sinn hál* 1r7:

³³ Sjá *KálKatAM* II, 356. Ole Widding. *EA* A 4, 32–34 og 146. *ÆvMið*, lxiii–lxiv.

ör í hennar hjarta 1r14; *hennar sæng* 2r10, o.s.frv. Af sömu rót er runnið að skrifa og sem í stað íslensku þegar, og þegar er, en er eða og er, sjá t.d. þetta: *Og sem þær sitja* 1r3; *og svo skjótt sem hún inn kemur* 1r6; *og sem byskupinn hefir úti sitt erendi* 1r26–1v1; *og sem líkaminn er mjög brenndur* 2r22. Annað sem víkur frá eldra íslensku máli er t.d.: *þann helgi mann*, byskupinn 1r6; *þar fyrir vilja þeir* 1r11; *gladur í sitt hjarta* 1r16; *svo talandi* 1r21; *þann sama sál af þeim syndafulla líkam* 1v6–7; *fyrir því þótt* 1v9; *svo heitanda ríki* 2r2; *Hér af angraðist byskupinn* 2v7–8; *hér eftir féll þessi maður ...* 2v21; *þeir horfðu jafnan upp á hann* 2v24–25.³⁴ En þótt þessi hégómi sé heldur til óprýði er augljóst að þýðandi ævintýranna hefur haft lag á að skrifa texta sem er laus við orðahröngl og fer vel í munni þegar lesið er upphátt, til dæmis að taka þessi setning: *Og enu næstu nótt eftir er hann var inn settur kom þessi sama kona þar inn til hans í múrinn með sinni list og lætur enn allblítt við hann* 2r16–18.

SUMMARY

‘AM 240 fol XV; two leaves with *exempla*.’

Keywords: Old Norse paleography, edition of an exemplum from the 15th century, translation from Middle English.

In this article the author discusses the text of the MS fragment AM 240 fol XV (bifolium, the only one left of MS from the 15th c, probably a collection of examples translated from Middle English), describes its paleographic features and compares it with other MSS from the same time (AM 42 a 8vo, the younger part of Flateyjarbók, Codex Guelferbytanus 42.7 and MS Royal Irish Academy 23 D 43) where similar paleographic details can be found. He discusses the relationship of this fragment with the MS AM 624 4to and copies of lost MS Sth papp 8vo nr 8. The article contains an edition of the text preserved in the fragment AM 240 fol XV.

Ólafur Halldórsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, Ísland
olafurha@hi.is

³⁴ Nánar er vikið að málfari ævintýranna í *ÆvMið*, xciv–xcviii, og í *Íslenskri stílfræði* 1994, 326–29.